

22.fundur umhverfisnefndar 3.október 2018, haldin í Menntaskólanum að Laugarvatni

Mættir: Agnes Geirdal, Pálmi Hilmarsson og Ragnhildur Sævarsdóttir sem ritar fundargerð

Fundur hefst kl. 9:00

Formaður leggur fram Erindi frá Umhverfisstofnun um friðlýsingu á stórum hluta afréttar Biskupstungna í Bláskógabyggðar á grundvelli rammaáætlunar. Nefndin fjallaði lauslega um málið en ákvað að leita sér frekari faglegrar ráðleggingar áður en erindið verður afgreitt.

Nefndin tekur fyrir tilnefningu til Umhverfisverðlauna Bláskógabyggðar fyrir árið 2018. Verðlaunin verða veitt 5.október 2018. Nefndin fjallar um mögulega verðlaunahafa og tekur ákvörðun um að hjónin Elinborg Sigurðardóttir kennari og Guðmundur Ingólfsson vélvirki hljóti umhverfisverðlaunin í ár fyrir óeigingjarnt starf sitt til umhverfismála.

Í sumar hafa þau Elinborg og Guðmundur staðið í ströngu, slegið reglulega á helgunarsvæði Vegagerðarinnar, klipp í burtu þær plöntur sem þau sjá og hafa dreift sér upp um allar hæðir í nágrenninu. Nú er svo komið að kaflinn meðfram veginum við lðu er orðinn með snyrtilegri vegabútum vegagerðarinnar og fallett að horfa heim að lðu frá þjóðveginum.

Fundi slitið kl. 10.30